

Greinargerð með
fjárhagsáætlun
Grundarfjarðarbæjar
2026



Efnisyfirlit

Forsendur	2
Aðalsjóður	4
Skatttekjur	4
Félagsþjónusta	6
Fræðslu- og uppeldismál	8
Menningarmál	10
Æskulýðs- og íþróttamál	12
Brunamál og almannavarnir	14
Hreinlætismál	15
Skipulags- og byggingarmál	16
Umferðar- og samgöngumál	17
Umhverfismál	18
Atvinnumál	19
Sameiginlegur kostnaður	21
Breyting lífeyrisskuldbindinga	23
Fjármagnsgjöld	23
A-hluta sjóðir	24
B-hluta sjóðir	25
Niðurlag	27



Forsendur

Helstu forsendur fjárhagsáætlunarinnar:

- Álagningarhlutfall útsvars er 14,97%, sem er sama álagningarprósenta og árið 2025.
- Þjóðhagsspá gerir ráð fyrir 3,5% hækkun á vísitölu neysluverðs og 5,1% hækkun á launa-vísitölu. Skv. sömu spá er gert ráð fyrir 4,1% hækkun vísitölu neysluverðs og 7,7% hækkun launavísitölu á árinu 2025. Skv. spánni er óvissa um verðbólgu- og vaxtaþróun og í því samhengi þróun húsnæðisverðs.
- Þjónustugjaldskrár hækka almennt um 4,0%. Sumar gjaldskrár haldast þó óbreyttar milli ára, eins og gjaldskrá leikskóla vegna 38 klst. vistunar, og gjaldskrá sundlaugar og tjaldsvæðis.
- Gert er ráð fyrir heldur fleiri stöðugildum en undanfarin ár, eða 72 stöðugildum í samstæðu Grundarfjarðarbæjar.
- Álagning fasteignagjalda verður óbreytt milli áranna 2025 og 2026, að öðru leiti en því að gjaldskrá sorpgjalda hækkar miðað við breytingar á vísitölu neysluverðs. Skv. nýjum lögum um úrgangsmál er sveitarfélögum skylt að taka upp fjögurra tunnu flokkun við húsvegg íbúa og að setja upp söfnunarstöðvar. Þá er ekki lengur heimilt að málaflokkurinn standi ekki undir sér. Fjögurra tunnu flokkun við húsvegg íbúa og söfnunarstöðvar eru komnar í framkvæmd.
 - Álagningarhlutfall fasteignaskatts íbúðarhúsnæðis A er 0,5%, opinbers húsnæðis B er 1,32% og atvinnuhúsnæðis C er 1,65%.
 - Álagningarhlutfall lóðarleigu íbúðarhúsnæðis A er 2,0%, opinbers húsnæðis B er 2,0% og atvinnuhúsnæðis C er 4,0%. Lóðarleiga ræktunarlands er 3,0%.
 - Álagningarhlutfall fráveitugjalda íbúðarhúsnæðis A er 0,2%, opinbers húsnæðis B er 0,3% og atvinnuhúsnæðis C er 0,4%.
 - Sorpgjald er 91.262 kr. á ári fyrir heimili með fjórar tunnur og sorpgjald sumarmálsa er 44.700 kr. á ári. Sorpgjald heimila skiptist þannig: fastagjald 35.506 kr., tunna fyrir óflokkað sorp 23.786 kr., tunna fyrir plast 10.802 kr., tunna fyrir pappa 10.802 kr. og tunna fyrir lífrænan úrgang 10.366 kr. Í undantekningartilfellum er hægt að fá tvískipta tunnu á 47.573 kr. Breytingagjald er 4.364 kr. og skrefagjald (umfram 15 m.) 50% á ílát.
- Í fjárfestingar er ráðgert að verja 391,2 millj. kr. Helst er þar að nefna áframhaldandi lagfæringar á húsnæði grunnskóla og leikskóla, íþróttahúss og sundlaugar, íþróttavallar, og annars húsnæðis bæjarins, endurbætur á götum og gangstéttum og skipulagsmál. Auk þess er miðað við að verja fé í hafnarframkvæmdir, fráveitu með blágrænum ofanvatnslausnum og íbúðir eldri borgara, auk tækjakaupa slökkviliðs og annarra stofnana.
- Áfram verður gætt aðhalds í rekstri og hagkvæmni í innkaupum. Fjárhagsáætlun er unnin í samráði við forstöðumenn deilda og stofnana. Megin markmið áætlunar er að sinna vel öllum lögboðnum rekstri sveitarfélagsins, halda við eignum og vinna að brýnustu framkvæmdum í sveitarfélaginu.
- Gert er ráð fyrir að rekstrarniðurstaða A- og B-hluta samstæðu verði með 137,7 millj. kr. afgangi og að rekstrarniðurstaða A-hluta verði með 87,7 millj. kr. afgangi.
- Í rekstraryfirliti fjárhagsáætlunar ársins 2026 kemur fram að heildartekjur sveitarfélagsins eru áætlaðar 2.162,3 millj. kr. Laun eru áætluð 1.100,0 millj. kr., önnur rekstrargjöld 707,5 millj. kr. og afskriftir 98,0 millj. kr. Rekstrarniðurstaða áætlunarinnar er því jákvæð um 256,6 millj. kr. fyrir fjármagnsliði. Fjármagnsgjöld eru áætluð 118,9 millj. kr., þannig að þegar tekið hefur verið tillit til þeirra er rekstrarniðurstaða samstæðunnar jákvæð um 137,7 millj. kr.




- Í sjóðsstreymisyfirliti áætlunarinnar kemur fram að þegar leiðrétt hefur verið fyrir afskriftum og áföllnum en ógreiddum verðbótum og gengismun og öðrum breytingum á skuldbindingum að veltufé frá rekstri er 321,9 millj. kr. Þessi fjárhæð nýtist síðan til afborgana lána og nauðsynlegra fjárfestinga sem brýnt er talið að ráðast í á árinu 2026. Ráðgert er að fjárfestingar nettó verði 391,2 millj. kr. og afborganir lána 175,3 millj. kr. og að tekin verði ný lán að fjárhæð 250 millj. kr. Að öllu þessu töldu er hækkun á handbæru fé um 4,5 millj. kr. en í upphafi árs er ráðgert að það verði 65,1 millj. kr. Handbært fé í árslok ársins 2026 er því áætlað 69,6 millj. kr. gangi fjárhagsáætlun ársins 2026 fram eins og ráðgert er.



Aðalsjóður

Skatttekjur

Skatttekjur	Útkomuspá 2025	Áætlun 2026	Breyting kr.	Breyting %
Útsvar	709.762	790.959	81.197	11,4%
Fasteignaskattur	154.381	171.231	16.850	10,9%
Jöfnunarsjóður	440.967	522.625	81.658	18,5%
Lóðarleiga	52.907	58.931	6.024	11,4%
Samtals	1.358.017	1.543.746	185.729	13,7%



Útsvar

Upplýsingar um breytingu útsvarsstofns milli ára koma frá fjármála- og efnahagsráðuneytinu og einnig er miðað við spá Sambands íslenskra sveitarfélaga. Áætlað er að útsvar ársins 2026 hækki um 11,4% milli árána 2025 og 2026, sem er í samræmi við hækkun ársins 2025. Búast má við að hækkun útsvars haldist í hendur við launaþróun. Gengisþróun og fiskverð vigta mikið í launum hér í Grundarfirði. Gert er ráð fyrir að öðru leyti að útsvar í Grundarfirði hækki með sambærilegum hætti eins og landsmeðaltal gerir ráð fyrir.

Fasteignaskattur og lóðarleiga

Álagningarpróscentur fasteignaskatts og lóðarleigu er óbreytt frá fyrra ári. Álagning fasteignaskatts A er 0,5%, álagning fasteignaskatts B er 1,32% og fasteignaskattur C er 1,65%. Lóðarleiga A er 2,0%, lóðarleiga B er 2,0%, lóðarleiga C er 4,0% og lóðarleiga ræktunarlands er 3,0%.




Jöfnunarsjóður

Áætluð heildarframlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga eru byggð á áætlun sem Jöfnunarsjóðurinn gerir. Skv. áætluninni hækka heildarframlög um 81,7 millj. kr., sem er 18,5%. Árið 2026 breytist úthlutun jöfnunarsjóðs í samræmi við lög nr. 56/2025.

Framlög Jöfnunarsjóðs skiptast á eftirfarandi hátt:

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	Útkomuspá 2025	Áætlun 2026	Breyting kr.	Breyting %
Tekjujöfnunarframlag	0	0	0	#DIV/0!
Útgjaldajöfnunarframlag	175.606	335.671	160.065	91,2%
Framlag vegna nýbúafræðslu	3.720	0	-3.720	-100,0%
Jöfnunarframlag til reksturs grunnskóla	156.815	164.289	7.474	4,8%
Framlag vegna gjaldfrjálst skólamötuneyti	8.793	9.557	764	8,7%
Framlag vegna sérparfa fatlaðra nemenda	11.927	10.471	-1.456	-12,2%
Fasteignaskattsjöfnun	81.298	0	-81.298	-100,0%
Sérstakt framlag	2.808	2.636	-172	-6,1%
Samtals	440.967	522.624	81.657	18,5%

Skipting framlaga Jöfnunarsjóðs






Félagsþjónusta

Félagsþjónusta	Útkomuspá 2025	Áætlun 2026	Breyting kr.	Breyting %
Framlag til Félagsþjónustu Snæfellinga	30.920	29.945	-975	-3,2%
Félagsleg aðstoð	12.109	12.221	112	0,9%
Þjónusta við börn og unglinga	5.781	7.039	1.258	21,8%
Þjónusta við aldraða	15.501	14.557	-944	-6,1%
Þjónusta við fatlaða	80.564	94.660	14.096	17,5%
Ýmsir styrkir og framlög	130	140	10	7,7%
Samtals	145.005	158.562	13.557	9,3%

Félagsþjónusta - skipting 2026



Framlag til Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga (FSS)

Framlagi til FSS er skipt í tvennt, og er 85% bókað vegna félagsþjónustu og 15% vegna skólaþjónustu. Framlag vegna ársins 2026 lækkar um 3,2% milli ára vegna aukinna framlaga úr jöfnunarsjóði, en milli áranna 2024 og 2025 var 20% hækkun vegna aukinna umsvifa FSS í málefnum fatlaðs fólks og annarrar þjónustu.

Félagsleg aðstoð

Á þennan lið hefur verið færð fjárhagsaðstoð, húsaleigubætur og félagsleg heimaþjónusta, sem getur verið breytileg milli ára.

Þjónusta við börn og unglinga

Gert er ráð fyrir meiri þjónustu við börn og unglinga, en ráðgert var á árinu 2025. Sú þjónusta er skipulögð af FSS og er eftir þörfum hverju sinni.



Þjónusta við aldraða

Þjónusta við aldraða skiptist í framlag til Dvalarheimilisins Fellaskjóls, heimaþjónustu aldraðra og tómstundastarf aldraðra. Gert er ráð fyrir 944 þús. kr. lækkun milli ára, en á síðasta ári var áætlaður 2,3 millj. kr. hækkun kostnaðar milli ára.

Þjónusta við fatlaða

Málefni fatlaðra sem sveitarfélögin tóku yfir eru í umsjón Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga. Stór hluti kostnaðar vegna þessa er brúaður með sérstakri heimild til hækkunar á útsvari sveitarfélaga, sem kemur fram í tekjuhlið áætlunarinnar og færist síðan út sem útgjöld undir málefnum fatlaðra í gjaldahlið áætlunarinnar. Alls er áætlað til þessa málaflokks 94,7 millj. kr., sem er 17,5% hækkun frá fyrri áætlun.

Ýmsir styrkir og framlög


Gert er ráð fyrir svipuðu framlagi og árið 2025. Um er að ræða lögbundnar greiðslur í orlofssjóð húsmæðra og ýmsan ófyrirséðan kostnað vegna félagslegrar þjónustu.

Gert er ráð fyrir að útgjöld málaflokksins í heild hækki um 9,3%



Fræðslu- og uppeldismál

Fræðslu- og uppeldismál	Útkomuspá 2025	Áætlun 2026	Breyting kr.	Breyting %
Skólanefnd	2.037	2.017	-20	-1,0%
Skólaþjónusta	5.460	5.285	-175	-3,2%
Leikskóli	185.362	183.672	-1.690	-0,9%
Grunnskólamál	383.066	429.804	46.738	12,2%
Eldhamrar	35.010	34.409	-601	-1,7%
Fjölbrautaskóli Snæfellinga	10.700	12.200	1.500	14,0%
Tónlistarskóli	44.364	54.607	10.243	23,1%
Umferðarskólinn	35	35	0	0,0%
Samtals	666.034	722.029	55.995	8,4%



Skólanefnd

Skólanefnd skipa fimm fulltrúar og fundar nefndin eftir þörfum, að jafnaði um sex sinnum á ári. Nefndin fer með málefni leikskóla, grunnskóla og tónlistarskóla. Ný skólastefna var gerð árið 2023 og lokið við hana árið 2024.

Skólaþjónusta

Um er að ræða kostnað við skólaþjónustu hjá Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga (FSS). Framlag til skólaþjónustu lækkar milli ára, sem er í samræmi við lægra heildarframlag til Félags- og skólaþjónustu.



Leikskóli

Í leikskólanum eru 33 nemendur og eru u.þ.b. 91% í heilsdagsvistun. Meðalvistunartími er um 7,8 klst. á dag. Stöðugildi við leikskólann eru nú um 15,9 og gert er ráð fyrir heldur færri stöðugildum á árinu 2026, 15,0 á vorönn og 13,9 á haustönn. Gjöld fyrir leikskólavist hækka um 4% milli ára, nema fyrir 38 klst. vistun, sem breytast ekki. Leikskólagjöld voru lækkuð á árinu 2024 frá upphaflegri breytingu milli ára. Gert er ráð fyrir að útgjöld leikskólans minnki um 1,7 millj. kr. milli ára, sem er 0,9%, enda gert ráð fyrir færri börnum á haustönn 2026.

Grunnskólamál

Nemendur grunnskólans eru nú 122 talsins. Rekstur skólans hefur verið góður og stenst hann vel samanburð við aðra skóla af sambærilegri stærð. Kennarar og stjórnendur við grunnskólann eru 16 í 15,5 stöðugildum. Annað starfsfólk er tíu í 7,9 stöðugildum. Gert er ráð fyrir að útgjöld skólans aukist um 46,7 millj. kr. milli áranna 2025 og 2026, sem er 12,2%. Undir liðnum grunnskólamál eru málefni grunnskólans, heilsdagsskóla og skólamáltíða.

Leikskóladeildin Eldhamrar

Á Eldhömrum eru nú 8 börn, en voru 18 veturinn á undan. Ánægja hefur verið með starfsemi leikskóla innan grunnskólans og nemendur njóta góðs af því að eiga kost á að nýta innanhússaðstöðu grunnskóla, tónlistarskóla og íþróttamannvirkja. Á deildinni starfa fjórir starfsmenn í 2,5 stöðugildum. Áætlaður kostnaður við deildina lækkar um 0,6 millj. kr. milli ára, sem er 1,7%, og er fyrst og fremst vegna fækkunar barna, úr 18 í 8, en gert er ráð fyrir 12 börnun haustið 2026.

Fjölbrautaskóli Snæfellinga

Um er að ræða húsaleigu og framlag vegna skólaaksturs. Grundarfjarðarbær greiðir húsaleigu vegna skólabyggingar FSN ásamt öðrum sveitarfélögum á Snæfellsnesi, auk þess að taka þátt í kostnaði við skólaakstur, en sá kostnaður hefur aukist undanfarin ár, og skýrir að mestu hækkun um 1,5 millj. kr.

Tónlistarskóli

Fjöldi nemenda tónlistarskólans eru 52 talsins og hefur fjölgað um 10 nemendur milli ára. Starfandi kennarar eru fjórir í 3,4 stöðugildum. Gert er ráð fyrir 10,2 millj. kr. aukins kostnaðar, sem er 23,1%.

Umferðarskólinn


Hér er um lögbundið framlag að ræða til umferðarskólans „ungir vegfarendur“.

Gert er ráð fyrir að útgjöld málaflokksins í heild aukist um 8,4%.



Menningarmál

Menningarmál	Útkomuspá 2025	Áætlun 2026	Breyting kr.	Breyting %
Menningarnefnd	1.206	1.629	423	35,1%
Bókasafn	11.530	10.128	-1.402	-12,2%
Bæringsstofa	0	0	0	#DIV/0!
Eyrbyggja, sögumiðstöð	0	0	0	#DIV/0!
Samkomuhús	9.797	11.768	1.971	20,1%
Hátíðir	1.210	1.100	-110	-9,1%
Ýmsir styrkir	4.800	4.900	100	2,1%
Samtals	28.543	29.525	982	3,4%



Menningarnefnd

Í menningarnefnd sitja þrír fulltrúar. Gert er ráð fyrir fleiri fundum nefndarinnar árið 2026. Nefndin fer m.a. með málefni bókasafns, menningarhúsa og menningarmála.

Bókasafn

Bókasafnið er sem kunnugt er staðsett í Sögumiðstöð. Gert er ráð fyrir 1.402 þús. kr. lækkun á kostnaði við rekstur bókasafnsins á árinu 2026, vegna breytinga á fyrirkomulagi starfsmannamála.

Samkomuhús

Stórtækar framkvæmdir hafa verið í húsinu á síðustu árum. Stór hluti tekna hússins er vegna eigin nota, þ.e. stofnanir bæjarins og félög sem bærinn styrkir. Gert er ráð fyrir 1,9 millj. kr. aukningu á kostnaði við rekstur hússins, eða 20,1%.



Hátíðir og ýmsir styrkir

Framlag til hátíða eru vegna þjóðhátíðar 17. júní, Rökkurdaga og fleiri tilfallandi hátíða. Styrkir eru bæði fjárframlög og húsnæðisstyrkir. Framlagið stendur í stað milli ára, eftir mikla hækkun síðast. Í viðaukaáætlun ársins 2025 var tekið út áætlað framlag til bæjarhátíðar, þar sem hún hefur verið lögð af.


Gert er ráð fyrir að útgjöld málaflokksins hækki um 3,4% milli ára.



Æskulýðs- og íþróttamál

Æskulýðs- og íþróttamál	Útkomuspá 2025	Áætlun 2026	Breyting kr.	Breyting %
Íþróttta- og tómstundanevnd	1.045	1.095	50	4,8%
Íþróttta- og tómstundamál	14.141	14.927	786	5,6%
Sumarnámsk., vinnusk, og önnur æskul.mál	8.338	6.917	-1.421	-17,0%
Félagsmiðstöðin Eden	5.758	5.967	209	3,6%
Ungmennaráð	709	563	-146	-20,6%
Íþróttahús og sundlaug	48.164	53.052	4.888	10,1%
Íþróttavellir	7.105	7.677	572	8,1%
UMFG	11.853	20.182	8.329	70,3%
Ýmsir styrkir	8.885	9.314	429	4,8%
Samtals	105.998	119.694	13.696	12,9%

Æskulýðs- og íþróttamál - skipting 2026



Íþróttta- og tómstundanevnd

Í íþróttta- og tómstundanevnd sitja þrír fulltrúar. Gert er ráð fyrir svipuðum fjölda funda nefndarinnar árið 2026.



Íþróttta- og tómstundamál

Framlög vegna íþróttta- og tómstundafulltrúa eru færð á þennan lið. Gert er ráð fyrir 5,6% kostnaðaraukningar milli ára.

Sumarnámskeið, vinnuskóli og önnur æskulýðsmál

Gert er ráð fyrir að fyrirkomulag sumarnámskeiða og vinnuskóla verði með svipuðu sniði og sumarið 2025, en síðustu ár hefur framboð sumarnámskeiða verið aukið verulega. Áætluð kostnaðarlækkun milli ára er 1,4 millj. kr., eftir mikla hækkun áætlaðs kostnaðar á síðasta ári, eða um 2,2 millj. kr.

Félagsmiðstöðin Eden

Félagsmiðstöðin starfar í húsnæði grunnskólans. Í miðstöðinni starfa þrír leiðbeinendur í hlutastörfum. Gert er ráð fyrir að kostnaður aukist um 209 þús. kr. eða 3,6% milli ára, en áætlaður kostnaður jókst um 1,3 millj. kr. milli árána 2024 og 2025 vegna fjölgunar barna og unglinga sem sækja miðstöðina.

Ungmennaráð

Gert er ráð fyrir heldur lægri kostnaði við ungmennaráð, en ráðið hefur haldið nokkra fundi á síðustu árum.

Íþróttahús og sundlaug

Rekstur íþróttahúss og sundlaugar er sveitarfélaginu dýr enda hefur sundlaugin verið olíukynnt um árabíl. Nú hafa orkuskiptin orðið að veruleika með tilheyrandi lægri rekstrarkostnaði. Áætlun 2026 gerir ráð fyrir 4,9 millj. kr. hærri kostnaði en árið 2025, sem er 10,1% hækkun, þar sem þjónustustig hefur aukist.

Íþróttavellir

Um er að ræða kostnað við umhirðu og umsjón íþróttavallar, sparkvallar og ærslabelgs. Gert er ráð fyrir 8,1% meiri kostnaði en árið 2025.

UMFG

Í gegnum árin hefur UMFG verið veittur styrkur í formi beins fjárframlags auk húsaleigustyrks vegna leigu á íþróttahúsi og annars húsnæðis bæjarins. Framlag til UMFG hækkar um 8,3 millj. kr. milli ára, sem er 70,3% hækkun.

Ýmsir styrkir


Um er að ræða styrki til annarra félaga og íþróttamála. Viðbótarframlag til golfklúbbsins að fjárhæð 8 millj. kr. vegna kaupa á jörð fyrir golfvöll var samþykkt með viðauka á árinu 2024. Áframhaldandi árlegt framlag vegna þessa næstu átta árin er 5 millj. kr. á ári og breytist árlega miðað við vístölu neysluverðs.

Gert er ráð fyrir að útgjöld málaflokksins hækki um 12,9% milli ára.



Brunamál og almannavarnir

Brunamál og almannavarnir	Útkomuspá 2025	Áætlun 2026	Breyting kr.	Breyting %
Slökkvilið	55.287	59.265	3.978	7,2%
Eldvarnareftirlit	0	0	0	#DIV/0!
Styrkir	1.770	1.829	59	3,3%
Samtals	57.057	61.094	4.037	7,1%



Slökkvilið

Kostnaður við slökkvilið hefur hækkað nokkuð á undanförunum árum. Slökkviliðið hefur einnig eflst talsvert og eru nú fleiri slökkviliðsmenn með full réttindi en áður var. Unnið hefur verið eftir brunavarnaráætlun og jafnframt unnið að frekari forvörnum auk þess sem sérstakar úttektir hafa verið gerðar á stærri eldhættum í sveitarfélaginu. Öll vinna af þessu tagi eykur öryggi í eldvörnum sveitarfélagsins. Á árinu 2026 er gert ráð fyrir tæplega 4 millj. kr. hækkun kostnaðar milli ára, sem er 7,2%.

Eldvarnareftirlit

Slökkviliðið hefur sjálft sinnt eldvarnareftirliti.

Björgunarsveitin Klakkur


Um er að ræða styrk til greiðslu fasteignagjalda auk beins fjárframlags til sveitarinnar, sem er sambærilegt og árið 2025.

Gert er ráð fyrir að útgjöld málaflokksins hækki um 7,1% milli ára.



Hreinlætismál

Hreinlætismál	Útkomuspá 2025	Áætlun 2026	Breyting kr.	Breyting %
Heilbrigðiseftirlit Vesturlands	1.010	1.100	90	8,9%
Eftirlit með hunda- og kattahaldi	0	0	0	#DIV/0!
Samtals	1.010	1.100	90	8,9%



Heilbrigðiseftirlit Vesturlands

Kostnaður er samkvæmt rekstraráætlun Heilbrigðiseftirlits Vesturlands, en framlag hækkar um 8,9% milli ára.

Eftirlit með hunda- og kattahaldi

Miðað er við að hunda- og kattaleyfisgjöld standi undir kostnaði við hunda- og kattahald, sem innifelur árlegar dýraskoðanir, tryggingar, umsjón, leigu á hundagerði o.fl.

Gert er ráð fyrir að útgjöld málaflokksins hækki um 8,9% sem er 90 þús. kr.



Skipulags- og byggingarmál

Skipulags- og byggingarmál	Útkomuspá 2025	Áætlun 2026	Breyting kr.	Breyting %
Skipulagsmál	1.000	1.000	0	0,0%
Skipulags- og umhverfisnefnd	3.180	3.020	-160	-5,0%
Skipulags- og byggingarfulltrúi	46.554	58.870	12.316	26,5%
Reiknuð innri leiga á landi	31.953	37.604	5.651	17,7%
Samtals	82.687	100.494	17.807	21,5%



Skipulagsmál

Um er að ræða sérfræðikostnað vegna aðalskipulags og deiliskipulags.

Skipulags- og umhverfisnefnd

Í nefndinni eru fimm fulltrúar og kostnaður fer eftir fjölda funda. Kostnaður vegna nefndarinnar er áætlaður ívið lægri en árið 2025, þar sem ýmsir aukafundir áttu sér stað á því ári vegna skipulagsvinnu sem hefur verið í gangi. Áætluð lækkun á kostnaði er 160 þús. kr.

Skipulags- og byggingarfulltrúi

Ekki er lengur sameiginlegt embætti skipulags- og byggingarmála með öðrum sveitarfélögum. Því hafa verktakar sinnt sérfræðistörfum, en gert er ráð fyrir ráðningum starfsfólks á sviðið á komandi ári. Aukning kostnaðar er áætluð 12,3 millj. kr., sem er 26,5% hækkun.

Reiknuð innri leiga á landi


Um er að ræða færslu innan bókhalds sveitarfélagsins á reiknaðri leigu lands, sem breytist nokkuð milli ára.

Gert er ráð fyrir að útgjöld málaflöksins hækki um 21,5% milli áætlana.



Umferðar- og samgöngumál

Umferðar- og samgöngumál	Útkomuspá 2025	Áætlun 2026	Breyting kr.	Breyting %
Innri leiga gatnakerfis	33.355	35.255	1.900	5,7%
Viðhald og rekstur gatna	344	605	261	75,9%
Götulýsing	2.800	3.300	500	17,9%
Snjómokstur og hálkueyðing	13.440	15.440	2.000	14,9%
Framlag til áhaldahúss	29.005	26.699	-2.306	-8,0%
Samtals	78.944	81.299	2.355	3,0%



Innri leiga gatnakerfis

Um er að ræða millifærða innri leigu, sem breytist um 5,7% milli ára.

Viðhald og rekstur gatna

Gert er ráð fyrir ívið meiri umsvifum í viðhaldi og rekstri gatna.

Götulýsing

Gert er ráð fyrir 500 þús. kr. auknum kostnaði við götulýsingu milli ára. Kostnaður vegna götulýsingar hefur hækkað verulega undanfarin ár en nokkurri hagræðingu hefur verið náð með því að stytta tíma götulýsingar og skipta yfir í led-lýsingu.

Snjómokstur og hálkueyðing

Áætlun byggist á reynslu undanfarinna ára. Erfitt getur verið að spá um þennan lið, sem algerlega er háður aðgerðum veðurguðanna. Áætlun 2024 var hækkuð verulega með viðauka við fjárhagsáætlun enda verulega snjóþungt fyrri hluta ársins. Áætlun hækkar nú um 2 millj. kr. milli ára.

Framlag til áhaldahúss


Framlag til áhaldahúss er fært á þessa deild, en gert er ráð fyrir lækkun framlags milli ára um 2,3 millj. kr. Framlagið hafði hækkað nokkuð milli áætlana 2024 og 2025.

Gert er ráð fyrir að útgjöld málaflokksins aukist um 3,0% milli ára.



Umhverfismál

Umhverfismál	Útkomuspá 2025	Áætlun 2026	Breyting kr.	Breyting %
Opin svæði	14.227	17.625	3.398	23,9%
Geymslusvæði	656	1.306	650	99,1%
Minka- og refaeyðing	689	689	0	0,0%
Samtals	15.572	19.620	4.048	26,0%



Opin svæði

Gert er ráð fyrir auknum umsvifum á opnum svæðum, m.a. tengt innleiðingu blágrænna ofanvatnslausna. Áætluð kostnaðarhækkun er tæplega 4 millj. kr., sem er 23,9% hækkun milli ára.

Geymslusvæði, jólaskreytingar o.fl.

Gert er ráð fyrir auknum umsvifum á geymslusvæðinu, enda hefur verið unnið að uppbyggingu nýs geymslusvæðis.

Minnka- og refaeyðing

Miðað er við svipaðan kostnað við minnka- og refaveiði.


Gert er ráð fyrir að útgjöld málaflokksins hækki um 26,0% milli ára.



Atvinnumál

Atvinnumál	Útkomuspá 2025	Áætlun 2026	Breyting kr.	Breyting %
Markaðsfulltrúi	6.312	8.471	2.159	34,2%
Fjallskil og fjárgirðingar	1.220	1.220	0	0,0%
Tjaldsvæði	1.208	-1.230	-2.438	-201,8%
Almenningssalerni	-796	0	796	-100,0%
Jarðhitamál	1.000	1.000	0	0,0%
Ýmsir styrkir	4.940	5.140	200	4,0%
Samtals	13.884	14.601	717	5,2%

Atvinnumál - skipting 2026



Markaðsfulltrúi

Menningar- og markaðsfulltrúi var ráðinn á árinu 2025, sem skýrir áætlaðan aukinn kostnað á árinu 2026. Hækkunin nemur 2,2 millj. kr., sem er 34,2%.

Fjallskil og fjárgirðingar

Um er að ræða framlag sem byggir á reynslu undanfarinna ára og gert ráð fyrir svipuðum umsvifum.

Tjaldsvæði

Mikil umsvif hafa verið á tjaldsvæðinu og uppbygging verið í gangi. Gert er ráð fyrir auknum tekjum en að öðru leyti svipuðum rekstri og á yfirstandandi ári.

Almenningssalerni

Rekin hafa verið almenningssalerni í Samkomuhúsi Grundarfjarðar síðustu ár. Reksturinn var færður úr Samkomuhúsi í nýtt hafnarhús.

Jarðhitamál

Um er að ræða varúðarframlag vegna jarðhitamála.



Ýmsir styrkir


Um er að ræða framlag bæjarins vegna reksturs Svæðisgarðsins Snæfellsnes.

Gert er ráð fyrir að útgjöld málaflokksins hækki um 5,2% milli ára.



Sameiginlegur kostnaður

Sameiginlegur kostnaður	Útkomuspá 2025	Áætlun 2026	Breyting kr.	Breyting %
Bæjarstjórn	28.601	30.113	1.512	5,3%
Endurskoðun	5.850	6.100	250	4,3%
Kosningar	0	2.835	2.835	#DIV/0!
Bæjarskrifstofa	76.563	82.109	5.546	7,2%
Innheimtukostnaður	4.550	5.550	1.000	22,0%
Ýmis útgjöld	6.720	6.840	120	1,8%
Starfsmannakostnaður	5.650	5.680	30	0,5%
Samtök sveitarfélaga	8.130	8.450	320	3,9%
Vinabæjarsamskipti	300	300	0	0,0%
Ýmsir styrkir	2.284	2.378	94	4,1%
Samtals	138.648	150.355	11.707	8,4%



Bæjarstjórn

Kostnaður ræðst að mestu á fjölda funda. Gert er ráð fyrir 5,3% hækkun.

Endurskoðun

Gert er ráð fyrir sambærilegum kostnaði og verið hefur.

Bæjarskrifstofa

Áætlun gerir ráð fyrir raunhæfri breytingu milli ára. Leitast hefur verið við að hagræða sem frekast er kostur.



Innheimtukostnaður

Um er að ræða þóknun til ríkisins vegna innheimtu á útsvari og gert ráð fyrir 1 millj. kr. auknum kostnaði.

Ýmis útgjöld

Hér er gert ráð fyrir svipuðum kostnaði við fasteignaskrá, þjóðskrá og persónuvernd.

Starfsmannakostnaður

Hér er einkum kostnaður vegna árshátíðar, námskeiða og endurmenntunar, jólagjafa og annars kostnaðar vegna starfsmanna, auk kostnaður vegna kjarasamninga.

Samtök sveitarfélaga

Um er að ræða samningsbundin framlög vegna Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi, Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga, Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum og Héraðsnefndar Snæfellinga.

Vinabæjarsamskipti

Kostnaður vegna vinabæjarsamskipta hefur verið lítill síðustu ár, en árið 2024 voru fulltrúar bæjarins sendir til Paimpol í tilefni af 20 ára afmælis vinabæjarsambandsins. Áætlaður eru sami kostnaður og í áætlun 2025.

Ýmsir styrkir

Bæjarstjórn ákvað að setja eina millj. kr. árið 2022 í uppbyggingarsjóð vegna menningar-, íþrótt- og félagsstarfs. Síðan yrði árlegt sambærilegt verðbætt framlag í samræmi við eldri samning um Eyrbyggju-sögumiðstöð, en því samkomulagi lauk árið 2022. Úthlutað var fyrst úr sjóðnum árið 2025.

Áætlun gerir ráð fyrir að kostnaður við málaflokkinn hækki um 8,4%.



Breyting lífeyrisskuldbindinga

Breyting lífeyrisskuldbindinga	Útkomuspá 2025	Áætlun 2026	Breyting kr.	Breyting %
Breyting lífeyrisskuldbindinga	19.941	21.141	1.200	6,0%
Samtals	19.941	21.141	1.200	6,0%

Framlag vegna lífeyrisskuldbindinga getur verið breytilegt milli ára, sem er í takt við launaþróun. Um er að ræða tryggingafræðilegan útreikning á breytingu framlags vegna B-deildar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Gert er ráð fyrir hækkun miðað við áætlaðar verðlagsbreytingar og einnig aukningar vegna viðbótarframlags 60+ hjá Brú lífeyrissjóði.

Í upphafi ársins 2018 fór fram uppgjör við lífeyrissjóðinn Brú, sem er lögbundið. Heildarframlag Grundarfjarðarbæjar nam 180,6 millj. kr., sem greitt var með lántöku frá Lánasjóði sveitarfélaga.

Framlagið skiptist í jafnvægisjóð, lífeyrisaukasjóð og varúðarsjóð. Framlag í jafnvægisjóð að fjárhæð 46.378 þús. kr. var gjaldfært að fullu árið 2017. Auk þess var gjaldfærður hluti af framlögum í lífeyrisaukasjóð, 2.356 þús. kr. og varúðarsjóð 380 þús. kr., alls 49,1 millj. kr. Það sem eftir stendur var fært sem fyrirframgreiddur kostnaður og gjaldfærast árlega á 30 árum.

Fjármagnsgjöld

Fjármagnsliðir	Útkomuspá 2025	Áætlun 2026	Breyting kr.	Breyting %
Vaxtatekjur af veltufjármunum	-4.000	-3.750	250	-6,3%
Vaxtatekjur af eignarhlutum	-3.000	-3.000	0	0,0%
Vaxtatekjur af langtímakröfum	-65.482	-51.080	14.402	-22,0%
Vaxtagjöld af skammtímaskuldum	2.000	2.400	400	20,0%
Vaxtagjöld af langtímaskuldum	100.312	104.665	4.353	4,3%
Fjármagnstekjuskattur	1.000	1.000	0	0,0%
Samtals	30.830	50.235	19.405	62,9%

Fjármagnsgjöld og -tekjur eru áætlaðar til samræmis við verðlagsþróun bæði tekju- og gjaldamegin. Fjármagnskostnaður hefur verið hlutfallslega hár vegna þess að skuldir sveitarfélagsins eru háar. Fjármagnsgjöld hækkuðu verulega árið 2023 og nokkuð árið 2024, en gert var ráð fyrir lægri verðbólgu árið 2025 og þar með lægri kostnaði. Áætlun 2026 gerir ráð fyrir 19,4 millj. kr. hækkun milli ára.



A-hluta sjóðir

Eignasjóður	Útkomuspá 2025	Áætlun 2026	Breyting kr.	Breyting %
Tekjur	-221.981	-250.099	-28.118	12,7%
Rekstrargjöld	57.839	59.688	1.849	3,2%
Afkoma fyrir afskriftir og vexti	-164.142	-190.411	-26.269	16,0%
Afskriftir	53.248	65.609	12.361	23,2%
Fjármagnsgjöld	65.482	51.080	-14.402	-22,0%
Afkoma ársins	-45.412	-73.722	-28.310	62,3%

Áhaldahús (þjónustumiðstöð)	Útkomuspá 2025	Áætlun 2026	Breyting kr.	Breyting %
Tekjur	-48.036	-51.200	-3.164	6,6%
Rekstrargjöld	43.808	47.237	3.429	7,8%
Afkoma fyrir afskriftir og vexti	-4.228	-3.963	265	-6,3%
Afskriftir	4.228	3.963	-265	-6,3%
Fjármagnsgjöld	0	0	0	#DIV/0!
Afkoma ársins	0	0	0	#DIV/0!

A-hluta sjóðir sveitarfélagsins hafa verið tveir, eignasjóður og þjónustumiðstöð (áhaldahús), en nú hefur bæst við hlutdeild Grundarfjarðarbæjar í Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga.

Í eignasjóði eru árlega afskrifaðar fjárfestingar og jafnframt færðar tekjur af innri leigu fasteigna og búnaðar. Gert er ráð fyrir jákvæðri niðurstöðu eignasjóðs árið 2025.

Þjónustumiðstöð er rekin á núlli, með framlagi frá aðalsjóði.



B-hluta sjóðir

Hafnarsjóður	Útkomuspá 2025	Áætlun 2026	Breyting kr.	Breyting %
Tekjur	-230.000	-210.080	19.920	-8,7%
Rekstrargjöld	124.640	140.815	16.175	13,0%
Afkoma fyrir afskriftir og vexti	-105.360	-69.265	36.095	-34,3%
Afskriftir	18.906	18.937	31	0,2%
Fjármagnsgjöld	0	0	0	#DIV/0!
Afkoma ársins	-86.454	-50.328	36.126	-41,8%

Fráveita	Útkomuspá 2025	Áætlun 2026	Breyting kr.	Breyting %
Tekjur	-41.542	-46.021	-4.479	10,8%
Rekstrargjöld	13.324	13.441	117	0,9%
Afkoma fyrir afskriftir og vexti	-28.218	-32.580	-4.362	15,5%
Afskriftir	3.108	3.135	27	0,9%
Fjármagnsgjöld	0	0	0	#DIV/0!
Afkoma ársins	-25.110	-29.445	-4.335	17,3%

Leiguíbúðir	Útkomuspá 2025	Áætlun 2026	Breyting kr.	Breyting %
Tekjur	-1.812	-1.850	-38	2,1%
Rekstrargjöld	2.281	2.325	44	1,9%
Afkoma fyrir afskriftir og vexti	469	475	6	1,3%
Afskriftir	245	245	0	0,0%
Fjármagnsgjöld	0	0	0	#DIV/0!
Afkoma ársins	714	720	6	0,8%

Íbúðir aldraðra	Útkomuspá 2025	Áætlun 2026	Breyting kr.	Breyting %
Tekjur	-23.485	-25.240	-1.755	7,5%
Rekstrargjöld	9.579	9.839	260	2,7%
Afkoma fyrir afskriftir og vexti	-13.906	-15.401	-1.495	10,8%
Afskriftir	4.403	4.085	-318	-7,2%
Fjármagnsgjöld	22.895	17.844	-5.051	-22,1%
Afkoma ársins	13.392	6.528	-6.864	-51,3%

Sorphirða og sorpeyðing	Útkomuspá 2025	Áætlun 2026	Breyting kr.	Breyting %
Tekjur	-35.876	-31.321	4.555	-12,7%
Rekstrargjöld	47.570	45.480	-2.090	-4,4%
Afkoma fyrir afskriftir og vexti	11.694	14.159	2.465	21,1%
Afskriftir	853	999	146	17,1%
Fjármagnsgjöld	0	0	0	#DIV/0!
Afkoma ársins	12.547	15.158	2.611	20,8%



Sögumiðstöðin	Útkomuspá 2025	Áætlun 2026	Breyting kr.	Breyting %
Tekjur	-5.600	-5.600	0	0,0%
Rekstrargjöld	13.319	12.315	-1.004	-7,5%
Afkoma fyrir afskriftir og vexti	7.719	6.715	-1.004	-13,0%
Afskriftir	529	695	166	31,4%
Fjármagnsgjöld	0	0	0	#DIV/0!
Afkoma ársins	8.248	7.410	-838	-10,2%

B-hluta sjóðir sveitarfélagsins eru sex. Það eru hafnarsjóður, fráveita, íbúðir aldraðra, leiguíbúðir, sorphirða og sorpeyðing og Sögumiðstöðin.

Hafnarsjóður, er langstærstur B-hluta sjóða, verður rekinn með sama sniði og verið hefur, en umsvif hafa aukist mikið á síðustu árum og verið fjölgað í starfsliði hafnarinnar. Ráðgert að hagnaður hafnarsjóðs nemi 50,3 milljónum króna á árinu 2026. Gert er ráð fyrir frekari uppbyggingu hafnarinnar.

Áætlað er að fráveitan verði gerð upp með nokkrum hagnaði á árinu 2026, en fráveitugjöld eru áætluð til þess að standa undir kostnaði við fráveitukerfi bæjarins og fjármagna nauðsynleg verkefni sem vinna þarf að í útrásakerfi bæjarins.

Íbúðir aldraðra og leiguíbúðir eru reknar með nokkrum halla. Leigan þar hefur einfaldlega ekki staðið undir kostnaði við rekstur og viðhald eignanna. Áætlaður halli lækkar þó milli ára vegna lægri verðbólguþáttar.

Sorphirðan hefur verið rekin með nokkrum halla á liðnum árum.

Sögumiðstöðin er mjög áhugavert verkefni sem enn er í þróun. Í húsinu er rekin starfsemi bókasafns og menningarstarfs, auk þess sem ýmiskonar félagsstarf fer fram í húsinu. Miklar framkvæmdir hafa átt sér stað í húsinu á árinu 2025. Áfram er unnið að stefnumótun varðandi framtíðarstarfsemi hússins.



Niðurlag

Hér hefur verið farið yfir helstu stærðir í fjárhagsáætlun Grundarfjarðarbæjar fyrir árið 2026. Markmiðið er að sinna vel allri grunnstarfsemi sveitarfélagsins og vinna að nauðsynlegu viðhaldi og framkvæmdum í sveitarfélaginu. Áfram verður unnið að hagræðingu hinna mismunandi rekstrarþátta sveitarfélagsins og þar verður sérstaklega kallað eftir liðsinni forstöðumanna og starfsfólks bæjarins.

Að lokum er öllu starfsfólki sem komið hefur að þessari vinnu þakkað fyrir vel unnin störf.

Grundarfirði 11. desember 2025

SRS